



Alþingi
Erindi nr. P 140/433
komudagur 25.11.2011

24. nóvember 2011
SI-80085

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Bankasýslu ríkisins (hæfnisskilyrði stjórnarmanna og forstjóra), 140. löggjafarþing, 229. mál.

Með tölvupósti dags. 11. nóvember sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram, að þær breytingar sem frumvarpið felur í sér miða m.a. að því að ákvæðið, sem mælir fyrir um hæfnisskilyrði forstjóra og stjórnarmanna stofnunarinnar, verði gert ítarlegra. Í því felst að stjórnarmenn og forstjóri skulu hafa menntun á háskólastigi, og búa yfir viðtækri þekkingu og starfsreynslu á fjármagnsmarkaði auk þekkingar og reynslu af starfsemi fjármálafyrirtækja. Þá eru lagðar til ýmsar aðrar breytingar á 6. gr. laganna um Bankasýslu ríkisins, en í greinargerðinni segir að þær breytingar sem felast í frumvarpinu byggist m.a. á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og lögum um fjármálafyrirtæki.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur